



### 3. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2021 - 2022 haldinn þriðjudaginn 14. des. 2021 kl.12:00.

**Mætt voru:** Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Frosti Logason varaformaður, Kristín Soffía Þorsteinsdóttir, Sigurjón Jónsson. Hrefna fulltrúi foreldraráðsins. Fríða Gylfadóttir fulltrúi kennara, Helgi Már Herbertsson fulltrúi nemenda og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari. Sigríður Sigurðardóttir kennari.

#### Dagskrá:

- Fjármál skólans  
Rekstraráætlun 2022-2024 tilbúin, útkoman nálægt núllinu fyrir 2021. Fækkun um 30 nemendaígildi fyrir næsta ár sem þýðir að erfiðara verður að koma saman áætlun fyrir næsta ár. Búið að mótmæla nemendafækkun til ráðuneytisins þar sem hefur þurft að hafna mörgum umsóknum um skólavist undanfarin ár. Fjárveiting milli ára helst nánast óbreytt þrátt fyrir að hækkun launa 4% um áramót. Ákveðið að senda bréf frá skólanefnd um að mótmæla fækkun nemendaígilda.
- Félagslíf skólans  
NFFG hélt vel sótt jólabingó og styrktu pieta samtökin með ágóðanum, keilumót var haldið í síðustu viku, Salsaball verður sem fyrst eftir áramót og söngkeppni.
- Starfsmannabreytingar  
Litlar breytingar á starfsmannamálum, helst í tengslum við veikindaleyfi og fæðingarorlof.
- Kynning á myndlistarbraut  
Sigríður Sigurðardóttir kennslustjóri listnámsbrautar myndlistar kynnti brautina - fimm kennarar og 18 séráfangar á myndlistarbraut. Vel hefur verið tekið í allt af stjórnendum og góður stuðningur við brautina í gegnum árin. Útskrifaðir nemendur sem hafa komið og tekið kennsluréttindi hér hafa haft orð á því að þau hafi verið vel undirbúin fyrir frekara nám eftir FG. Fram kom hugmynd um að það gæti verið gaman að hafa listsýningu í FG með fyrrverandi nemendum.  
Ný stofa kom í gagnið fyrir listnámsáfangar í haust og er hún fullnýtt eins og allt annað pláss í skólanum.
- Önnur mál  
Þurfum að vinna pólískt að stækkun skólans í takt við fjölgandi íbúa Garðabæjar. Biðja um fund með ráðherra fyrir hönd skólanefndar.  
Umræða skapaðist um tónlistarnám í FG, möguleika á listnámsbaraut tónlist.

Fundi slitið kl. 13

Fundarritari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari